

Fundargerð aðalfundar Regins hf.

2016

Aðalfundur Regins hf. var haldinn mánudaginn 25. apríl 2016 í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi, í Björtuloftum, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, fundurinn hófst klukkan 16:00.

Fundarstörf:

1. Fundasetning og skipun fundarstjóra:

Fundurinn hófst með að formaður stjórnar Benedikt K. Kristjánsson setti fundinn. Stungið var upp á Helga Jóhannessyni hrl. sem fundarstjóra og var tillagan samþykkt.

2. Boðun fundarins:

Helgi Jóhannesson tók við stjórn fundarins.

Fundarstjóri lagði til að Dagmar Arnardóttir hdl. yrði kjörin fundaritari. Tillagan var samþykkt. Fundarstjóri greindi frá því að til fundarins hefði verði boðað skv. 16. gr. samþykka félagsins með birtingu auglýsinga í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu, heimasíðu Kauphallar og félagsins 1.-2. apríl 2016 og væri fundurinn því lögmætur aðalfundur félagsins. Fundarstjóri upplýsti um að mætt væri á aðalfundinn fyrir 69,63% hlutfjár.

3. Dagskrá:

Stjórnarformaður, Benedikt K. Kristjánsson, flutti skýrslu stjórnar. Að því búnu fór forstjóri félagsins, Helgi S. Gunnarsson, yfir reikninga félagsins vegna ársins 2015 og helstu verkefni sem ráðist var í á árinu.

Allar tillögur sem lágu fyrir fundinn voru samþykktar samhljóða en þær voru eftirfarandi og halda númerum frá dagskrá:

1. Ársreikningur:

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2015.

2. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2015:

Aðalfundur samþykkti að ekki yrði greiddur arður á árinu 2016 en að öðru leyti vísast til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu. Hagnaður verður fluttur til næsta árs.

3. Starfskjarastefna:

Stjórnarformaður gerði grein fyrir framlagðri starfskjarastefnu. Nokkrar breytingar eru á tillögu stjórnar frá fyrri starfskjarastefnu. Nauðsynlegt var að gera slíkar breytingar til að samræma starfskjarastefnunni því hvatakerfi sem stjórn félagsins hefur samþykkt.



Þann 15. apríl kom lífeyrissjóðurinn Gildi fram með viðauka- og breytingatillögu við fyrirbyggjandi tillögu félagsstjórnar að starfskjarastefnu. Í breytingatillögunni fólst viðbót við 3. mgr. 6. gr. í starfskjarastefnu stjórnar. Við fyrirbyggjandi starfskjarastefnu bætist því eftirfarandi málsgrein:

„Helstu skilmálar árangurstengdra greiðslna í formi kaupréttta og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, skulu lögð fyrir hluthafafund til samþykktar, ásamt upplýsingum um helstu skilmála og áætlaðan kostnað, verð, tímalengd, fjölda hluta og fjölda starfsmanna sem greiðslur eða áætlun nær til.“

Stjórn ákvað að gera viðauka- og breytingatillögu Gildis að tillögu sinni og var breytingatillagan samþykkt á fundinum.

Aðalfundurinn samþykkti framlagða starfskjarastefnu með áorðnum breytingum.

4. Heimild til kaupa á eigin hlutum:

Í dag er í gildi heimild til handa stjórn um kaup á eigin bréfum, sbr. ákvörðun aðalfundar 21. apríl 2015 sem gildir í 18 mánuði, þ.e. til 21. október 2016.

Stjórn Regins hf. leggur ekki fram tillögu um endurnýjun viðaukans og því mun núgildandi heimild falla niður í október 2016.

5. Breyting á samþykktum félagsins.

Ekki lágu fyrir fundinum tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.

6. Kosning stjórnar félagsins:

Vignir Óskarsson dró til baka framboð sitt til stjórnar félagsins og lýsti yfir stuðningi við núverandi stjórn félagsins. Fundarstjóri las upp yfirlýsingu Vignis Óskarssonar þar sem hann hvatti til þess að stjórnarmönnum yrði fjölgað í sjö.

Fyrri stjórn félagsins var því sjálfkjörin. Stjórn félagsins skipa eftirfarandi aðilar:

Albert Þór Jónsson, kt. 180562-3119
Benedikt K. Kristjánsson, kt. 190952-4879
Bryndís Hrafnkelsdóttir, kt. 070867-7899
Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, kt. 180577-4249
Tómas Kristjánsson, kt. 151165-3389

Eftirtaldir aðilar voru sjálfkjörnir í varastjórn:

Finnur Reyf Stefánsson, kt. 141069-3659
Hjördís D. Vilhjálmisdóttir, kt. 100369-5839

7. Kosning endurskoðanda:

Aðalfundur samþykkti að KPMG ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík, yrði endurkjörin endurskoðunarfyrtæki félagsins.



8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil:

Aðalfundur félagsins samþykkti eftirfarandi þóknun til stjórnarmanna, varastjórnar og undirnefnda stjórnar:

Stjórnarformaður: 550.000 kr. á mánuði.

Meðstjórnendur: 275.000 kr. á mánuði.


Varamenn: 140.000 kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund, þó ekki hærra en 275.000 kr. fyrir hvern mánuð.

Seta í undirnefndum stjórnar: 55.000 kr. fyrir hvern setinn fund.


9. Önnur mál:

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum.

Fundi slitið kl. 16.40



Helgi Jóhannesson hrl.



Dagmar Arnardóttir, hdl.